

Enskan og fræðaskrifin

1. Inngangur

Notkun ensku í hinum akademíska heimi hefur aukist með miklum hraða undanfarna áratugi. Coleman¹ heldur því fram að í fyrsta skipti í skráðri sögu eigi fræðaheimurinn sameiginlegt tungumál. Fræðimenn hafa glímt við að skilgreina muninn á ensku sem er notuð af innfæddum og ensku sem notuð er á svæðum þar sem ensk tunga hefur enga opinbera stöðu en er engu að síður notuð víða t.d. í heimi vísinda og viðskipta. Kachru² hefur skilgreint notkun enskunnar við þessar aðstæður sem hinn „víkkandi hring“ (e. *Expanding Circle*) en í „innsta hring“ (e. *Inner Circle*) eru þau svæði þar sem enska er móðurmál. Segja má að ensku-notkun á Íslandi teljist til hins víkkandi hrings. Eitt tákni þess að Ísland sé innan þessa hrings er krafa um enskunotkun í kennslu og fræðaskrifum við Háskóla Íslands en höfundar hafa fjallað um aukna notkun ensku í kennslu á háskólastigi á Íslandi í fyrri skrifum.³ Hér verður sjónum beint að fræðaskrifum en þrýstingur eykst

¹ John A. Coleman, „English-medium teaching in European higher education“, *Language Teaching*, Cambridge: Cambridge University Press, 2006, bls. 1–14, hér bls. 6.

² Braj B. Kachru, „Standards, codification and sociolinguistic realism: The English language in the outer circle“, *English in the world. Teaching and learning the language and literatures*, ritstj. Randolph Quirk og Henry Widdowson, Cambridge: Cambridge University Press, 1985, bls. 11–30.

³ Birna Arnbjörnsdóttir, „English in Iceland: Second Language, Foreign Language, or Neither?“, *Teaching and Learning English in Iceland*, ritstj. Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan, 2007, bls. 51–78; Birna Arnbjörnsdóttir, „Enska í háskólanámi“, *Milli mála. Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur*, Reykjavík: Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfan, 2009 bls. 77–94; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, „Coping with English at University: Students' Beliefs“, *Menntakvika 2010*, ráðstefnurit gefið út á vegum Netlu – Vef tímarits um uppeldi og menntu og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, <http://netla.khi.is/menntakvika2010/008.pdf>.

á fræðimenn við Háskóla Íslands að birta rannsóknaniðurstöður í erlendum fræðiritum og þá á ensku. Þetta sést m.a. á því að fleiri rannsóknarstig fást fyrir greinar í erlendum ritum en innlendum, framgangur miðast við birtingar í erlendum ritum og við úthlutun úr samkeppnissjóðum er hvatt til útgáfu á ensku samanber nágildandi stefnu Háskóla Íslands⁴. Með því að hvetja fræðimenn til þátttöku í alþjóðlegu fræðastarfi er um leið leitast við að auka samkeppnishæfni íslenskra fræðimanna og háskóla. Þessi stefna vekur hins vegar áleitnar spurningar um jafnræði þ.e. að hve miklu leyti fræðimenn eru þess umkomnir að skrifa fræðigreinar á ensku, um gæði slíkra skrifa á öðru máli en móðurmálinu og þá raunverulega samkeppnishæfni. En um leið þarf að velta fyrir sér hvaða áhrif það hefur á þróun íslenskrar akademískrar orðræðu ef fræðaskrif verða mikið til á ensku. Spurningar sem þessar eru ekki séríslenskt fyrirbrigði heldur má segja að um gervalla Evrópu, en einkum í Norður-Evrópu, sé tekist á um sömu málefni. Fram til þessa hafa ekki legið fyrir tölur um umfang fræðaskrifa á ensku á Íslandi, hvernig þau dreifast á fræðasvið né heldur hafa viðhorf fræðimanna við Háskóla Íslands til enskunotkunar verið könnuð fyrr en nú.

Könnunin sem hér greinir frá er hluti af langtíma rannsóknarverkefni sem styrkt er af RANNÍS og Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að kortleggja stöðu ensku sem samskiptamáls í breyttu málumhverfi á Íslandi. Sú könnun sem hér er lýst tilheyrir þeim hluta rannsóknarverkefnisins þar sem skoðuð eru annars vegar viðhorf nemenda og hins vegar viðhorf kennara til enskunotkunar almennt í námi og kennslu við Háskóla Íslands. Í þeim hluta var m.a. kannað hversu vel eða illa undirbúna nemendur og kennarar teldu sig vera til að takast á við mikla enskunotkun en eins og áður hefur komið fram eru um 90% námsbóka á háskólastiginu á Íslandi skrifuð á ensku.⁵ Niðurstöður þeirra kannana eru kynntar í fyrri skrifum.⁶ Í þessari grein verður lýst viðhorfum kenn-

⁴ Stefna Háskóla Íslands, http://www.hi.is/is/skolinn/stefna_og_markmid.

⁵ Birna Arnbjörnsdóttir og Hulda Kristín Jónsdóttir, „Notkun ensku í háskólanámi á Íslandi“, fyrirlestur haldinn á Hugvísindabíngi, 13–14 mars, 2009.

⁶ Hafdís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, „Coping with English at Tertiary Level: Instructors' Views“, *Menntakvika 2010*, ráðstefnurit gefið út á vegum *Netlu – Vefritarits um uppeldi og menntun* og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, <http://netla.khi.is/menntakvika2010/010.pdf>; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, „Coping with English at University: Students' Beliefs“.

ara til notkunar ensku í eigin fræðaskrifum, og til þess að þurfa að vinna með tvö tungumál. Gerð er grein fyrir magni fræðaskrifa háskólakennara á ensku og aldursdreifingu þeirra sem skrifa á ensku. Þá er fjallað um eðli aðstoðar sem kennarar telja sig þurfa við skrifin. Niðurstöður rannsóknarinnar vekja spurningar um stöðu ensku sem akademísku máls við Háskóla Íslands en um leið um stöðu íslensku sem vísindamáls.

2. Enskunotkun í fræðasamfélaginu

Markmið Bologna-áætlunarinnar og ESB er að samræma og sameina námsleiðir og námsgráður innan evrópskra háskóla og auka flæði stúdenta, kennara og fræðimanna.⁷ Vissulega er það af hinu góða að auka alþjóðlega samvinnu og gera nemendum kleift að stunda nám í fleiri en einu landi án þess að það komi niður á framvindu námsins. Alþjóðleg samvinna frjóvgar þekkingarleit og víðsýni gagnvart annarri menningu. Þessi sameiningar- og samhæfingarstefna er hvað lengst komin á Norðurlöndum þar sem margir háskólar hafa beinlínis í málstefnu sinni fjölgað námsleiðum sem kenndar eru á ensku, sérstaklega í framhaldsnámi, með það að markmiði að laða til sín færustu námsmenn og fræðimenn hvort sem er frá heimalandinu eða utan þess.⁸ Krafa um að standast alþjóðlegar samkeppniskröfur og aukna samvinnu hins alþjóðlega fræðasamfélags eykur þrýsting á að fleiri meistara- og doktorsverkefni verði skrifuð á ensku og að auki að fræðimenn fjölgi greinaskrifum á ensku og útgáfum í ritryndum alþjóðlegum tímaritum, sem flest eru skrifuð á ensku.

Rannsóknir á Norðurlöndum, hér á Íslandi og annars staðar í Evrópu hafa sýnt að bæði nemendur og kennarar ofmeta ensku-

⁷ Robert Phillipson, „Language policy and education in the European Union“, *Language policy and political issues in education. Encyclopedia of Language and Education*, 2. útg., ritstj. Stephen May og Nancy H. Hornberger, New York: Springer, 2008, bls. 255–265; B. Wächter og F. Maiworm, „English-taught programmes in European higher education. The picture in 2007“, *ACA Papers on International Cooperation in Education*, Bonn: Lemmens, 2008.

⁸ Ragnhild Ljósland, „English in Norwegian academia: A step towards diglossia?“, *World Englishes*, 26(4)/2007, bls. 395–410; Birgit Brock-Utne, „The growth of English for academic communication in the Nordic countries“, *International Review of Education*, 47(2–3)/2001, bls. 221–233.

kunnáttu sína.⁹ Í sömu heimildum kemur fram almenn ánægja meðal kennara og nemenda með aukna enskunotkun í námi og kennslu. Þegar viðmælendur eru hins vegar spurðir frekar kemur í ljós að vinnuálag eykst, nemendur taka síður þátt í umræðum og margir, bæði nemendur og kennarar, leggja mikla vinnu í að þýða, glósa, gúggla og vinna með enska textann til að skilja námsefnið eða koma því til skila til nemenda.¹⁰

Nokkuð er til af rannsóknum á framhaldsnámi þar sem kennt er á ensku og fjölda meistara- og doktorsverkefna sem rituð eru á ensku utan enskumælandi landa. Við höldum okkur hér við Norðurlöndin en ljóst er að frjó umræða er um þetta efni víðar t.d. í Austurlöndum fjær. Norska fræðikonan Brock-Utne¹¹ hélt því fram í skrifum sínum fyrir um áratug að aukin þrýstingur að ofan gerði það að verkum að háskólakennarar legðu sig fram við að skrifa á ensku sem skýrðist m.a. af því að mun meiri fjárhagslegur ágóði er falinn í því en að skrifa á móðurmálinu. Hún segir að fyrir 1992 hafi allir prófessorar við Óslóarháskóla verið á sömu kjörum. Eftir að nýtt bónuskerfi var sett á laggirnar sem m.a. byggist á því að mest er greitt fyrir útgáfu á ensku hefur kerfið nálgast ameríska kerfið „publish or perish“ (‘gefa út eða gefast upp’)¹². Ljösland¹³ styður þessi viðhorf Brock-Utne og bætir við að hvatakerfi sem innleitt var í norskum háskólum 2004 ýti undir enn frekari þróun í þessa átt. Sama gildir um matskerfi opinberra

⁹ Glenn. O. Hellekjær, „The Acid Test. Does Upper Secondary EFL Instruction Effectively Prepare Norwegian Students for the Reading of English Textbooks at Colleges and Universities?“, Doctoral Thesis, Faculty of Arts, University of Oslo, 2005; Anne Sofie Jakobsen, „Ellers er det lige ud af landevejen“, *En interviewundersøgelse af ti undervisere holdninger til og erfaringer med engelsksproget undervisning ved det biovidenskabelige fakultet*, KU Københavns studier i tosprogethed, Studier i parallelsproglighed, KU Humanistiske fakultet, 2010.

¹⁰ Robert Wilkinson, „The impact of language on teaching content: Views from the content teacher“, *Bi And Multilingual Universities – Challenges and Future Prospects Conference*, Helsinki, 2. september 2005. Hægt er að nálgast fyrirlesturinn á <http://www.palmenia.helsinki.fi/congress/bilingual2005/presentations/wilkinson.pdf> [sótt 1. nóvember 2010]; Glenn. O. Hellekjær, „The Acid Test“; Anne Sofie Jakobsen, „Ellers er det lige ud af landevejen“; Hafðís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, „Coping with English at Tertiary Level: Instructors’ Views“; Birna Arnbjörnsdóttir og Hafðís Ingvarsdóttir, „Coping with English at University: Students’ Beliefs“.

¹¹ Birgit Brock-Utne, „The growth of English for academic communication in the Nordic countries“, bls. 221–233.

¹² Sama rit, bls. 231.

¹³ Ragnhild Ljösland, „English in Norwegian academia: A step towards diglossia?“.

háskóla á Íslandi¹⁴. Því þótt margir vísindamenn kysu að birta í virtustu alþjóðlegum ritum á það ekki við um alla en hvatakerfið gerir það að verkum að háskólakennarar hafa ekki lengur val vilji þeir teljast gjaldgengir fræðimenn.

Í grein Ljósland segir að á árunum 1998–2000 hafi um 70% útgefina fræðirit og eða greina í Noregi verið á ensku. Innan náttúruvísinda voru 90% útgefina verka á ensku.¹⁵ Á sama tíma var 81% doktorsritgerða skrifað á ensku.¹⁶ Engin ástæða er til annars en að ætla að þessi tala hafi hækkað á þeim áratug sem liðinn er síðan þessar tölur voru birtar. Á árunum 2000–2009 voru 80% doktorsverkefna frá Háskóla Íslands rituð á ensku.¹⁷

Í framtíðarstefnu Kaupmannahafnarháskóla, *Destination 2012*, er málstefna háskólans sett fram. Þar segir að auka eigi „kennslu og lesefni á ensku þar sem það á við og vinna að því að enska verði samskiptamál í fræðastarfi“.¹⁸

Þá er kveðið á um að þrátt fyrir framgang ensku skuli gæta þess að gæði kennslu og rannsókna minnki ekki og að danskan skuli halda áfram að vera virkt tungumál innan allra málumdæma „tungumál sem nær yfir öll málumdæmi“¹⁹. Til þess að fylgja þessari stefnu eftir var stofnuð við Kaupmannahafnarháskóla Miðstöð alþjóðlegrar og tvímála tungumálanotkunar (Center for international og parallel sproglighed (CIP)) sem hefur það meginmarkmið að kanna áhrif aukinnar enskunotkunar við háskólann og styðja við notkun ensku og dönsku í kennslu og rannsóknum.²⁰

Lífvísindaskólinn (Det biovidenskabelige fakultet) við Kaupmannahafnarháskóla hefur þá stefnu að „allt framhaldsnám og að minnsta kosti helmingur grunnnáms verði kennt á ensku árið

¹⁴ Heimasiða Félags prófessora við ríkisháskóla, <http://www.professorar.hi.is/node/148>.

¹⁵ Ragnhild Ljósland, „English in Norwegian academia: A step towards diglossia?“, bls. 396.

¹⁶ Sama rit, bls. 396.

¹⁷ *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu*, 25. október 2010, bls. 1, Reykjavík: Íslensk málnefnd, http://www.islenskan.is/Alyktun%20um%20stodu%20islenskunnar/Alyktun_IM_2010.pdf.

¹⁸ At engelsk „i stigende grad anvendes som undervisnings- og især lærebogssprog, hvor det er relevant i undervisningen og som forskningens fremvoksende lingua franca“, *Destination 2012. Strategi for Københavns Universitet 2012*, 2008, bls. 25, http://www.ku.dk/ledelse/bestyrelse/M%C3%B8der/2007/moede23/Pkt.03-strategi_bilag1.pdf [sótt 10. desember 2010].

¹⁹ „et komplet funktionsdueligt sprog“, sama rit, bls. 27.

²⁰ Vefsíða Center for Internationalisering og Parallelsproglighed, www.cip.ku.dk [sótt 5. desember 2010].

2010“²¹. Þess má geta að árið 2008 voru 62% grunnnámskeiða kennd á ensku.²² Við Copenhagen Business School eru öll námskeið kennd á ensku, líka námskeið þar sem bæði kennarar og nemendur eru danskir.

Á Íslandi voru um 11% námskeiða við Háskóla Íslands kennd á ensku árið 2009.²³ Í málstefnu Háskóla Íslands segir: „[R]annsóknnum og framhaldsnámi fylgja erlend samskipti og fleiri mál en íslenska eru notuð í því starfi, einkum enska. Megin kennslumál í framhaldsnámi er þó íslenska, eftir því sem við verður komið.“²⁴ Sömu vísun í tvímálanotkun má finna í málstefnu Háskólans í Reykjavík en þar kemur m.a. fram:

Íslenska er fyrsta tungumál Háskólans í Reykjavík. Skólinn leggur mikið upp úr vandaðri málnotkun og leggur metnað sinn í að hlúa að móðurmálinu. Til að auðvelda aðgengi erlendra nemenda, kennara og sérfræðinga og skapa þannig fjölmenningslegt þekkingarsamfélag er enska skilgreind sem annað tungumál skólans. Kynningarefni, fjölda póstsendingar og annað efni sem skólinn dreifir til nemenda og kennara er því bæði að finna á íslensku og ensku.²⁵

Á upplýsingasiðu MBA-náms við Háskólann í Reykjavík kom fram í inngangsorðum forstöðumanns þegar árið 2007 að markmiðið væri að fjölga námskeiðum sem kennd væru á ensku þar sem enska sé mál alþjóðlegra viðskipta og þannig sé unnt að bjóða nemendum upp á námskeið sem kennd eru af helstu alþjóðlegu sérfræðingum á hverju sviði.²⁶ Í Háskólanum í Reykjavík virðist tvímálanotkun (e. *Parallel Language Use*) vera orðin staðreynd.

21 „... alle kandidatsuddannelser og mindst halvdelen af kursene på bachelorsuddannelsen skal være engelsksprogede inden 2010“, Anne Sofie Jakobsen, „Ellers er det lige ud af landevejen“, bls. 7.

22 Sama rit, bls. 30.

23 *Ályktunum um stöðu íslenskrar tungu*. 25. október 2010, bls. 1.

24 „Málstefna Háskóla Íslands“, http://www.hi.is/skolinn/malstefna_haskola_islands [sótt 7. desember 2010].

25 „Um tungumál í HR“, <http://www.ru.is/haskolinn/stefna-hr/um-tungumal-i-hr/> [sótt 7. desember 2010].

26 Finnur Oddsson, „Alþjóðleg færni í íslenskum háskólum“, *Vefsíða Háskólans í Reykjavík*, <http://www.ru.is/?PageID=1349&NewsID=1356> [sótt 20. júní 2007].

Það ætti enginn að velkjast í vafa um að enska er nú mál vísinda og þekkingar eins og David Crystal benti á fyrir tæpum áratug.²⁷ En umræðan um hvernig eigi að framfylgja þessari tvímálstefnu er ekki langt á veg komin.

3. Viðhorf: Aðrar rannsóknir

Víða, en þó einkum á Norðurlöndum, hafa spurningar vaknað um afleiðingar aukinnar tvímálanotkunar í fræðasamfélaginu og hvernig við henni skuli bregðast. Í málstefnunum hér að ofan, þar sem kallað er eftir notkun þjóðmáls og ensku, er minna um tillögur um hvernig skuli framkvæma slíkt. Hvernig er hægt að auka enskunotkun en einnig styrkja þjóðmálið? Seidlhofer og fleiri hafa bent á að enska er enn „eign“ þeirra sem hafa hana að móðurmáli og því standa þeir sem nota hana sem samskiptamál (e. *lingua franca*) ekki eins vel að vígi þegar kemur að því að gæði skrifa séu metin.²⁸ Alvarlegust er ef til vill gagnrýni sem tengist kenningum um umdæmistap (e. *domain loss*). Phillipson og fleiri halda því fram að mikilvægt sé að staldra við og spyrja gagnrýninnu spurninga um áhrif þess að fræðileg skrif verði nær alfarið á ensku því svo geti farið að akademísk og hugsanlega fagleg málumdæmi glatist á móðurmálinu með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.²⁹

Nokkrar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum háskólakennara til aukinnar enskunotkunar á háskólastigi. Flestar þeirra hafa fjallað um notkun ensku í kennslu og áhrif hennar á nám. Í fáeinum hafa viðhorf fræðimanna til notkunar ensku í fræðastörfum verið könnuð og þá oftast sem hluti af umfangsmeiri rannsóknum. Á vegum Center for internationalisering og parallel sproglighed (CIP) við Kaupmannahafnarháskóla var gerð viðamikil könnun á viðhorfum kennara til enskunotkunar sem náði til um 1104

²⁷ David Crystal, *English as a global language*, 2. útg., Cambridge: Cambridge University Press, 2003.

²⁸ Barbara Seidlhofer, „English as a lingua franca“, *ELT Journal*, 59(4)/2005; Brutt-Griffler, Janina og Keiko Samimy, „Transcending the Nativeness Paradigm“, *World Englishes*, 20(1)/2001, bls. 99–106.

²⁹ Robert Phillipson, *English-Only Europe? Challenging Language Policy*, London, New York: Routledge, 2003.

starfsmanna³⁰ á öllum fræðasviðum. Hluti spurninganna snerist um hvort aukin notkun ensku leiddi til meiri gæða í rannsóknum og meiri þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum og auk þess hvort aukin notkun ensku ógnaði notkun dönsku sem vísindamáls (bls. 9). Niðurstöður sýndu að tveir þriðju aðspurðra töldu dönskunni ógnað (bls. 12) og tæplega helmingur taldi að með aukinni ensku-notkun myndu gæði rannsókna aukast (bls. 14).

Könnuninni var síðan fylgt eftir með ítarlegum viðtölum við tíu kennara og fræðimenn við Lífvísindaskólann.³¹ Í viðtölunum kom m.a. fram að viðmælendur voru fremur ánægðir með alþjóðavæðingu fræðigreinar sinnar og litu ekki á aukna enskunotkun sem vandamál nema þá helst að enskufærni nemenda væri ekki nógu góð (bls. 112). Viðmælendur litu á ensku sem tæki til samskipta óháð menningu (bls. 113) og þótt þeir hefðu ekki áhyggjur af umdæmistapi dönskunnar töldu þeir mikilvægt að nemendur lærðu fag sitt einnig á móðurmálinu. Alþjóðavæðingin eða enskuvæðingin styrkti samkeppnisstöðu þeirra og þótt á því væru einhverjir annmarkar eins og minnkandi notkun dönsku eða skortur á enskufærni, væru slík vandamál leysanleg og ættu ekki að stöðva óhjákvæmilega útbreiðslu enskunotkunar í vísindum (bls. 112). Viðmælendur Jakobsen töldu að málstefna fyrir háskóla ætti ekki að koma að ofan heldur ætti hver háskóli að móta sér stefnu og bregðast við henni (bls. 113).

4. Að skrifa á erlendu máli

Ef stefna háskóla er virk notkun tveggja tungumála m.a. í fræðastarfi er ekki úr vegi að leiða hugann að því í hverju það felst að skrifa akademískan texta á öðru máli en móðurmáli. Það virðist vera nokkuð útbreiddur misskilningur að þeir sem á annað borð hafi verið í framhaldsnámi í enskumælandi landi eða séu færir um að lesa fræðirit á ensku hljóti að sama skapi að vera færir um að skrifa um fræðasvið sitt á ensku. Því er þó ekki þannig farið, hvorki

³⁰ Christian Jensen, Lars S. Stæhr og Jacob Thøgersen, *Underviseres holdninger til engelsk som undervisningsprog – en spørgeskemaundersøgelse på Københavns Universitet*, Kaupmannahöfn: CIP, Københavns Universitet, 2009, bls. 5.

³¹ Anne Sofie Jakobsen, „Ellers er det lige ud af landevejen“.

þegar ritað er á móðurmáli eða erlendu máli þar sem slík ritun krefst sértækrar færni og mikillar þjálfunar. Það hefur lengi legið fyrir að uppbygging texta er bundin ákveðnum hefðum og reglum innan hvers fræðasviðs³² og að auki er uppbygging texta mismunandi eftir tungumálum.³³ Connor³⁴ segir að það að tileinka sér „akademískt læsi“ sé flókið og síkvíkt ferli sem krefjist þekkingar á orðræðuhefðum og efnistöfum. Nemendur læra t.d. slíka orðræðu í samskiptum við prófessora, leiðbeinendur og samstarfsmenn en slík samskipti eru menningarbundin og um þau gilda ólíkar hefðir. Það gilda t.d. aðrar reglur um framsetningu upplýsinga á íslensku, japönsku eða arabísku en á ensku og því dugir skammt að hafa góðan orðaforða í sínu fagi eða góða málfræðikunnáttu. Að skrifa fræðigreina krefst þess að sá sem ritar þekki ritunarhefðir og reglur um uppbyggingu akademískra texta tungumálsins sem hann skrifar á og sé vel kunnugur síkvíkri orðræðu síns fræðasviðs á því máli. Lítið er til af rannsóknum á því hvernig þeir sem rita á öðru máli en móðurmálinu læra slíka orðræðu.³⁵

Þetta vekur spurningar um gæði fræðaskrifa á ensku og hvort þau auki í raun, ein og sér, aðgengi að alþjóðlegum tímaritum. Lítið hefur verið rannsakað hvort þeir sem nota ensku sem annað mál í fræðaskrifum eigi erfðara með að fá rannsóknarniðurstöður sínar útgefnar í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum.³⁶ Það er hinsvegar ljóst að fræðaskrif eru vandasöm og erfð en vandi þeirra sem þurfa að lesa, rannsaka og skrifa fræðigreinar á öðru máli en því sem þeim er tamast er enn meiri. Orðræða fræðimanna utan hins innsta

³² John M. Swales, *Genre analysis: English in academic and research settings*, Cambridge: CUP, 1990.

³³ Robert B. Kaplan, „Cultural Thought Patterns in Intercultural Education“, *Language Learning*, 16(1&2)/1966, bls.1–20; Ulla Connor, *Contrastive Analysis*, Cambridge: CUP, 1990.

³⁴ Sama rit.

³⁵ Sama rit, bls. 149. („Research shows that learning academic literacy is a complex, dynamic process, which involves knowledge discourse conventions as well as topic appropriateness. Expected interactions with professors, supervisors and colleagues have been found to be important but to differ cross-culturally. Studies have been conducted to examine international students' acculturation into academic discourse communities at US colleges and Universities. Few studies have looked at processes of learning genre knowledge by second language academics or professionals in other countries.“)

³⁶ Theresa Lillis og Mary Jane Curry, *Academic Writing in a Global Context: The politics and practices of publishing in English*, London, UK: Routledge, 2010; John Flowerdew, „Scholarly writers who use English as an additional language: What can Goffman's „Stigma“ tell us?“, *Journal of English for Academic Purposes* 7/2008, bls. 77–86.

engilsaxneska hrings kemur þeim sem eru innan hans stundum spánskt fyrir sjónir en það eru í flestum tilfellum þeir sem meta möguleika greina til útgáfu.³⁷

Þrátt fyrir aukinn þrýsting háskóla á fræðimenn sem starfa innan hins víkkandi hrings um að birta niðurstöður sínar í virtum alþjóðlegum tímaritum, bjóða háskólar ekki upp á neina formlega aðstoð við að uppfylla kröfur um málfar og málsnið sem gerðar eru til slíkra fræðaskrifa. Undantekning frá þessu eru Stokkhólmsháskóli og Kaupmannahafnarháskóli sem hafa komið upp miðstöðvum til að aðstoða kennara og fræðimenn við kennslu og skrif á ensku.

Lillis og Curry³⁸ unnu í átta ár að rannsókn á því hvernig 50 fræðimenn á sviði sálfræði og menntunarfræði í Austur- og Suður-Evrópu brugðust við þrýstingi um meiri alþjóðlega útgáfu. Meginniðurstaðan var sú að góð enskukunnátta nægði ekki heldur þyrftu fræðimenn að hafa sértækt og síbreytilegt mál fræðigreinarinnar á valdi sínu. Lillis og Curry töldu að það væri grundvallaratriði að fræðimenn kynntust orðræðunni með virkri þátttöku í rannsóknarnetum og öðru fræðilegu samstarfi, þar sem samskiptamálið væri enska, til að þeir gætu tileinkað sér þá orðræðu enskrar málhefðar sem er lykill að aðgengi að virtum tímaritum.³⁹

Í ljósi þessarar umræðu um fræðaskrif á öðru máli en móðurmáli, hér ensku, lék okkur forvitni á að vita hver væru viðhorf íslenskra fræðimanna til enskunotkunar og settum fram eftirfarandi rannsóknarspurningar.

- Hversu góða telja kennarar/fræðimenn enskukunnátta sína vera?
- Hvert er hlutfall fræðaskrifa kennara á ensku?
- Hvernig er aldursdreifing þeirra sem einkum skrifa á ensku?
- Hvort og hve mikla aðstoð telja kennarar/fræðimenn sig þurfa við skrifin?
- Hvaða áhrif hefur það á störf kennara/fræðimanna að vinna með tvö tungumál í kennslu?

³⁷ John Flowerdew, „Writing for publication in English“, útdráttur úr lykilyfirlestri á Symposium on Second Language Writing, Taipei, Taiwan, 9.–11. júní 2011, <http://sslw.asu.edu/2011/plenary.html> [sótt 5. desember 2010].

³⁸ Theresa Lillis og Mary Jane Curry, *Academic Writing in a Global Context*.

³⁹ Sama rit.

5. Rannsóknin

Í nóvember 2009 var send út rafræn könnun með 21 spurningu á alla sem skráðir eru á póstlista starfsmanna Háskóla Íslands *hi-starf*. Á þeim tíma voru um 643 fastráðnir kennarar skráðir á þennan póstlista, um 600 starfsmenn í stjórnslu en einnig um 1250 stundakennarar (skv. heimasíðu Háskóla Íslands). Ekki var unnt að fá upplýsingar um hversu margir notenda póstlistans voru virkir og spurningarnar áttu ekki við aðra en þá sem stunda fræðistörf. Viku síðar voru kennarar minntir á könnunina. Svör bárust frá 238 kennurum: 121 konu og 117 körlum. Dreifing eftir fræðasviðum var nokkuð jöfn (frá 39–49) af flestum sviðum en 60 svarendur voru af Félagsvísindasviði, sem er fjölmennasta fræðasvið Háskólans. Tuttugu svarendur voru 22–30 ára en fjölmennasti aldurshópurinn var 51–60 ára eða 75. Svarhlutfall varð lægra en við höfðum vonast til en engu að síður draga niðurstöðurnar fram áhugavert mynstur sem vert er að gefa gaum.

Í þessari grein verður sjónum beint að þeim spurningum er varða notkun tveggja tungumála, ensku og íslensku, í tengslum við kennslu og fræðaskrif (skrifum í ritrýnd rit) og hvernig kennarar telja sig búna undir að nota ensku í starfi. Spurningum má skipta í þrjá flokka eftir inntaki og tilgangi. Stundum var leitað eftir upplýsingum um sama efni í fleiri en einni spurningu.

Fyrsti flokkur spurninga hverfðist um að hve miklu leyti kennarar töldu sig búna undir að takast á við ensku. Í þeim flokki var spurt hvort svarendur hefðu stundað framhaldsnám í enskumæl- andi landi og hvernig þeir mætu eigin enskukunnáttu. Í öðrum flokki spurninga var leitað eftir upplýsingum um hversu mikill hluti námsefnis sem þeir legðu fyrir nemendur væri á ensku og hvort kennarar teldu ávinning af því eða ekki að nota ensku í kennslu og hverju það skipti um vinnuálag þeirra að vinna með tvö tungumál. Spurt var um hvaða áhrif kennarar teldu það geta haft á getu nemenda sinna til að fjalla um efnið á móðurmálinu þegar stór hluti námsefnisins væri á ensku. Niðurstöður úr flestum spurninganna í öðrum flokki sem varða kennslu er lýst annars staðar⁴⁰ og verður ekki fjallað um þær hér.

⁴⁰ Hafdís Ingvarsdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir, „Coping with English at Tertiary Level: Instructors' Views“.

Að lokum voru þátttakendur beðnir að svara spurningum sem lutu að þeirra eigin fræðaskrifum m.a. hversu stór hluti fræðaskrifa þeirra væri á ensku, hvort þeir þyrftu aðstoð við skrifin og ef svo væri hvert þeir sæktu þá aðstoð.

5.1 Fyrsti flokkur spurninga: Enskufærni

Fyrsti hluti spurninga laut að undirbúningi kennara og enskukunnáttu þeirra. Talið var mikilvægt að vita hve stór hluti kennara hefði stundað framhaldsnám í enskumælandi landi og væri því vanur að skrifa um sitt fræðasvið á ensku. Um helmingur svarenda eða 126 svöruðu því játandi að þeir hefðu stundað nám í enskumælandi landi en 112 eða 47% höfðu ekki stundað framhaldsnám á ensku.

Í spurningu númer 16 voru kennara beðnir að meta enskukunnáttu sína. Svörin má sjá í töflu 1.

Tafla 1. s16 Hversu góða eða slaka telur þú enskukunnáttu þína vera?

	Fjöldi	%
1 Mjög góða	128	54
2 Góða	80	33
3 Sæmilega	28	12
4 Slaka	2	1
Samtals	238	100

Yfir helmingur kennara taldi enskukunnáttu sína mjög góða en næstum 90% töldu hana góða eða mjög góða. Aðeins 13% töldu enskukunnáttu sína sæmilega eða slaka.

Misjafnt er hversu góða enskukunnáttu kennarar telja sig hafa eftir sviðum og aldri (sjá töflu 2).

Eins og sjá má í töflu 2, telja 73% (N=49) svarenda úr hópi kennara á Verkfræði- og náttúruvísindasviði að þeir hafi mjög góða enskukunnáttu en tæplega 40% (N=47) svarenda úr hópi kennara á Menntavísindasviði. Hér ber að hafa í huga að sviðin eru mjög ólík. Nám á Verkfræði- og náttúruvísindasviði er hugsanlega faglega einsleitara og námsbækur með textum með myndrænni framsetningu upplýsinga og færri túlkunarmöguleika en textar t.d. á Menntavísindasviði þar sem nám er í eðli sínu þverfaglegt og þar

Tafla 2. s16 Hversu góða eða slaka telur þú enskukunnáttu þína vera?

	Mjög góða	Góða	Sæmilega/ slaka	Fjöldi
Svið	%	%	%	N
Félagsvísindasvið	55	32	13	60
Heilbrigðisvísindasvið	45	48	7	42
Hugvísindasvið	54	31	15	39
Menntavísindasvið	38	45	17	47
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	74	16	10	49

starfar fólk sem er með afar ólíkan bakgrunn, allt frá textíl til uppeldisfræði, þar sem ritunarhefðir eru mjög ólíkar innbyrðis og kalla á menningarbundna þekkingu og túlkun.

Mun fleiri þátttakendur sem höfðu verið í framhaldsnámi í enskumælandi landi töldu sig vel búna undir að vinna með ensku eða 67% en af þeim sem ekki höfðu numið í enskumælandi landi voru 40% sem töldu sig vel undirbúna.

Í spurningu 20 var leitað eftir upplýsingum um hversu vel viðmælendur töldu sig búna undir að skrifa fræðigreinar á ensku. Þeirri spurningu svöruðu 40% svarenda að þeir væru mjög vel undirbúnir og þegar lagður er saman fjöldi þeirra sem sögðu sig vel eða mjög vel undirbúna verður hlutfallið 82%. Um 18% svarenda töldu sig vera frekar illa eða mjög illa búna undir að skrifa fræðigreinar á ensku eins og sjá má í töflu 3.

Tafla 3. s20 Hversu vel eða illa finnst þér þú vera undir það búin(n) að skrifa fræðigreinar á ensku?

	Fjöldi	%
1 Mjög vel	95	40
2 Frekar vel	100	42
3 Frekar illa	38	16
4 Mjög illa	5	2
Samtals	238	100

Aftur má merkja mun eftir sviðum í töflu 4. Aðeins 17% svarenda af Menntavísindasviði töldu sig vel undirbúna en 63% svarenda af Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Tafla 4. s20 Hversu vel eða illa finnst þér þú vera undir það búin(n) að skrifa fræðigreinar á ensku?

	Mjög vel	Frekar vel	Frekar/ mjög illa	Fjöldi
Svið	%	%	%	N
Félagsvísindasvið	32	45	23	60
Heilbrigðisvísindasvið	47	48	5	42
Hugvísindasvið	44	33	23	39
Menntavísindasvið	17	51	32	47
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	63	30	6	49

5.2 Annar flokkur spurninga: Námsefni á ensku

Í öðrum flokki spurninga var kannað hversu mikill hluti námsefnis sem kennarar legðu fyrir væri á ensku og hvort kennarar teldu ávinning af því eða ekki að nota námsefni á ensku og hverju það skipti um vinnuálag að vinna með tvö tungumál. Tilgangurinn var m.a. að kanna hvort kennarar teldu að nemendur ættu hugsanlega erfitt með að tjá sig á íslensku um sitt fag. Svör um magn náms-efnis á ensku eru nokkurn veginn í samræmi við fyrri rannsóknir,⁴¹ en næstum $\frac{3}{4}$ þátttakenda svöruðu því til að a.m.k. 75% námsefnis þeirra væri á ensku. Um helmingur sagði að 90% eða meira af námsefninu væri á ensku.

Helmingi svarenda, eða 51%, fannst auðvelt að vinna með tvö tungumál og aðeins 4% svöruðu að spurningin ætti ekki við þá, væntanlega vegna þess að aðeins 4% svarenda vinna alls ekki með ensku og setja ekki fyrir enskar námsbækur.

Athyglisvert er að stór hluti kennara telur almennt ekki að það auki vinnuálag að nota ensku. Næstum 40% sögðu að það hefði engin áhrif á undirbúning en 50% töldu að undirbúningur ykist aðeins eða til muna. Sjá töflu 5.

⁴¹ Birna Ambjörnsdóttir og Hulda Kristín Jónsdóttir, „Notkun ensku í háskólanámi á Íslandi“.

Tafla 5. s18 Hvaða áhrif hefur það á vinnu við undirbúning kennslu ef námsefni er aðallega á ensku?

	Fjöldi	%
Undirbúningur eykst til muna	31	13
Undirbúningur er aðeins meiri	90	38
Undirbúningur er aðeins minni	9	4
Undirbúningur verður töluvert minni	15	6
Hefur ekki áhrif á undirbúning	93	39
Samtals	238	100


Kennarar voru líka beðnir að segja álit sitt á því hvaða áhrif þeir teldu það hafa á getu nemenda sinna til að fjalla um efnið á móðurmálinu að stór hluti námsefnisins væri á ensku. Um helmingur svarenda, eða 48%, taldi það hafa frekar lítil áhrif á getu nemenda til að tjá sig um fagið á íslensku að námsbækur þeirra væru á ensku. Um þriðjungur taldi það hafa frekar mikil áhrif. Við spurðum hvort nemendur mættu ráða því hvort þeir skiluðu ritgerðum og verkefnum á ensku og næstum helmingur kennara kvað svo vera. Önnur spurning leiddi síðan í ljós að aðeins um 10% nemenda skila úrlausnum á ensku. Þessi spurning var sett fram til að ganga úr skugga um að nemendur væru að vinna með tvö tungumál í reynd, þ.e. að þeir læsu efnið á ensku, leystu verkefni og próf á íslensku og að námsárangur væri metinn eftir skrifum á íslensku. Annars staðar höfum við fjallað um áhrif þess á nám og tileinkun náms-efnis þegar nemendur vinna stöðugt með tvö tungumál.⁴²

5.3 Þriðji flokkur spurninga: Enska í fræðaskrifum

Þriðji flokkur spurninga laut að fræðaskrifum svarenda sjálfra. Þá kemur í ljós eins og fram kemur í töflu 6 að því yngri sem svar- endur eru því líklegri eru þeir til að skrifa á ensku og að í yngsta hópnum eru þeir flestir sem skrifa eingöngu á ensku. Þrjátíu ken- narar í yngsta hópnum skrifa ekki á ensku. Þetta er nokkuð hærri tala en í eldri aldursflokkunum en hugsanlega er um að ræða stunda- kennara eða aðra sem ekki hafa rannsóknarskyldu. Hér kemur ekki

⁴² Birna Arnbjörnsdóttir og Hafdís Ingvarsdóttir, „Coping with English at University: Students' Beliefs“.

fram hvort svarendur sem ekki skrifa á ensku skrifi á öðrum tungumálum. Tölurnar geta verið vísbending um að greinaskrif á öðrum tungumálum en ensku séu á undanhaldi jafnvel þótt fræðimenn hafi stundað framhaldsnám t.d. á Norðurlöndum.



Mynd 1: Tengsl milli aldurs og fræðaskrifa.

Myndin hér að ofan sýnir tengslin milli aldurs fræðimanna og fræðaskrifa þeirra á ensku. Um það bil helmingur fræðimanna á öllum aldri skrifa yfir $\frac{3}{4}$ sinna ritverka á ensku. Ef litið er á hlutfall þeirra sem skrifa eingöngu á ensku er ljóst að því yngri sem fræðimenn eru því líklegri eru þeir til að skrifa fræðigreinar eingöngu á ensku: 40% svarenda úr hópi 22–30 ára skrifa alfarið á ensku. 30–40% annarra aldurshópa skrifa um 75% sinna fræðitexta á ensku. Sé gengið út frá því að þessi hlutföll breytist ekki eða lítið má búast við því að eftir 20–30 ár verði fræðaskrif á Íslandi að langmestu leyti á ensku.

Okkur lék forvitni á að vita hvort fræðimenn teldu sig þurfa aðstoð við skrifin á ensku og þá hvert þeir leita. Ekki er ólíklegt að sá tæplega helmingur fræðimanna sem stundað hefur framhaldsnám í enskumælandi landi eigi auðveldara með að skrifa á ensku og þurfi því minni aðstoð. Þess má geta að hugsanlegt er að yngstu svarendurnir hafi stundað framhaldsnám á ensku þó svo að það hafi ekki verið í enskumælandi landi þar sem framhaldsnám í Evrópu fer í auknum mæli fram á ensku. Þá kemur í ljós að 36% svarenda segjast

aldrei þurfa yfirllestur á enskum textum. Hugsanlega eru einhverjir þarna sem alls ekki skrifa á ensku en þeir eru tæplega fleiri en um 4% eins og áður hefur komið fram. Annar þriðjungur telur sig stundum þurfa yfirllestur en aðeins 16% þurfa alltaf yfirllestur.

Varasamt er að lesa of mikið úr þessum tölum einum og áður en lengra er haldið skal tekið fram að höfundar telja að það auki alltaf gæði skrifa að fá vandaðan yfirllestur. En prófarkalestur á móðurmáli er þó ef til vill annars eðlis en yfirllestur á erlendu máli. Því hljóta að vakna spurningar um gæði skrifa þeirra sem telja sig aldrei þurfa yfirllestur. Þrennt kemur til greina: Þeir eru hreinlega svona góðir í enskri ritun, þeir gera sér ekki grein fyrir vanköntunum og/eða að gæði enskunnar eru ekki talin skipta máli á þeirra fræðasviði. Hugsanlegt er að mismikið sé lagt upp úr gæðum enskunnar á hinum ólíku fræðasviðum en það hefur ekki verið rannsakað svo okkur sé kunnugt.

Tafla 6. s21 Hvert af eftirfarandi á best við um skrif þín á ensku?

	Þarf ekki yfirllestur enskusérfræðings	Þarf stundum yfirllestur enskusérfræðings	Þarf oftast yfirllestur enskusérfræðing	Þarf alltaf yfirllestur sérfræðings	Fjöldi
Heild	36	30	18	16	238
Svið	%	%	%	%	N
Félagsvísindasvið	30	38	18	13	60
Heilbrigðisvísindasvið	31	40	19	10	43
Hugvísindasvið	41	18	8	33	39
Menntavísindasvið	15	21	36	28	47
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	64	29	6	2	49

Svarendur fengu tækifæri til að svara opinni spurningu um skrifin og hvert þeir sækja aðstoð. Þar kemur ýmislegt forvitnilegt í ljós. Flestir þeirra sem sögðust þurfa aðstoð við enska ritun eða um 2/3, segjast leita til samstarfsmanna, vina, kunningja eða ættingja sem þeir telja hafa betri enskukunnáttu en þeir. Nokkrir minnst á að yfirlesarar þeirra hafi auk enskukunnáttunnar góða fagþekkingu á

umfjöllunarefni skrifanna. Næstum helmingur þeirra sem þurfa aðstoð segist kaupa þessa þjónustu utan háskólans, sumir „dýrum dómum“. Þessi svör hljóta að vekja spurningar um þann tíma og vinnu sem samstarfsmenn leggja á sig og hins vegar þann auka-kostnað sem hluti fræðimanna þarf að taka á sig fyrir yfirlestur á ensku.

6. Umræður

Niðurstöður þessarar könnunar eru fyrir margra hluta sakir athyglis-verðar og gefa mikilvægar vísbendingar sem þarf að taka alvarlega – en þetta er fyrsta athugun á þessu sviði hér á landi og augljóslega er þörf frekari rannsókna. Yfirgnæfandi hluti svarenda telur sig vera góðan í ensku en þrátt fyrir það telja tveir þriðju hlutar sig þurfa aðstoð við yfirlestur á fræðigreinum sem þeir skrifa á ensku. Líklegt má telja að þeir séu að meta almenna enskukunnáttu sína í fyrri spurningunni og tengi hana ekki við fræðaskrif á ensku. Því eins og bent var á hér að framan er það tvennt ólíkt að vera fær um að tala erlent tungumál, taka þátt í almennum samræðum, skrifa bréf o.s.frv. og svo því að skrifa fræðilegan texta. Hin skriflega orðræða lýtur öðrum lögmálum sem þarf að þjálfra sérstaklega hvort sem um er að ræða skrif á móðurmáli eða erlendu máli enda hafa margir háskólar í enskumælandi löndum boðið námskeið í akademískum skrifum. Í þessu sambandi má benda á skrif Connors⁴³ þar sem hún leggur áherslu á að til að geta skrifað gott fræðilegt mál þurfi að hafa þekkingu á orðræðuhefðum og efnis-tökum. Því má velta fyrir sér hvar og hvernig íslenskmenntaðir fræðimenn eigi að tileinka sér slíka þekkingu. Þarf Háskóli Íslands hugsanlega að huga að slíku fyrir fræðimenn sína?

Það er líka sláandi að því yngri sem menn eru þeim mun betur telja þeir sig vera búna undir að skrifa fræðigreinar á ensku. Hugsanlega má skýra þetta með aukinni almennri enskukunnáttu meðal þjóðarinnar og að menn hafi meira sjálfstraust gagnvart tungumálinu en einnig hefur aukist að menn sæki framhaldsnám sitt til enskumælandi landa og auk þess má benda á aukna notkun

⁴³ Ulla Connor, *Contrastive Analysis*.

ensku í fræðasamfélaginu á Norðurlöndum og meðal Evrópuþjóða þangað sem Íslendingar sækja helst framhaldsmenntun sína. Þessi viðhorf koma heim og saman við erlendar rannsóknir⁴⁴ og undirstríka þróunina í átt til aukinna fræðaskrifa á ensku.

Rúmur helmingur kennara er jákvæður gagnvart því að nota námsefni á ensku og telur það augljóslega ómaksins vert. Þetta rímar vel við niðurstöður annarra fræðimanna.⁴⁵ Leiða má að því líkum að þessi jákvæðu viðhorf helgist af því að þeir telji ávinn-inginn af að nota námsefni á ensku ótvíráðan og jafnvel að ekki sé um aðra möguleika að ræða vegna fámennis og lítils markaðar og því tjái lítt að kveinka sér. Rannsókn Jakobsen⁴⁶ meðal danskra fræðimanna styður þessa túlkun en þeir telja að útbreiðsla enskunnar í vísindum verði ekki stöðvuð og því mikilvægt að nemendur kynnist ensku vísindamáli í námi sínu.

Um það bil helmingur fræðimanna á öllum aldri skrifar yfir þrjá fjórðu hluta ritverka sinna á ensku sem sýnir vel hvert vötnin falla. Sterk vísbending virðist í þá veru að yngri fræðimenn skrifi alfarið á ensku. Þetta endurspeglar aukna áherslu á ensku innan Háskóla Íslands því á sama tíma hefur framhaldsnám við Háskóla Ísland eflst mjög og líklegra að fleiri háskólakennarar í framtíðinni hafi fyrst og fremst hlotið menntun sína á Íslandi. Það er enn fremur athyglisvert að þegar kyn svarenda er skoðað kemur í ljós að konur telja sig þurfa heldur meiri aðstoð en karlar – en löngum hefur verið talið að konur ættu auðveldara með tungumál svo sem hinar viðamiklu rannsóknir Horwitz og félaga benda til.⁴⁷ Hafa ber í huga að hér er verið að kanna viðhorf kennara til eigin getu en ekki raunverulega færni sem þó væri vissulega vert að skoða.

Um þriðjungur svarenda í þessari könnun telur sig aldrei eða sjaldan þurfa aðstoð við yfirlestur en við vekjum athygli á að þeim

⁴⁴ Glenn O. Hellekjær og Marit R. Westergaard, „An exploratory survey of content learning through English at Nordic Universities“, *Multilingual Approaches in University Education*, ritstj. Charlesvan Leeuwen og Robert Wilkinson, Nijmegen: Valkhof Pers/Talencentrum Universiteit Maastricht, 2003, bls. 65–80.

⁴⁵ Adriana A. Vinke, Joke Snippe og Wim Jochems, „English medium-content courses in non-English higher education: A study of lecturer experiences and teaching behaviours“, *Teaching in Higher Education* 3(3)/1998, bls. 383–394; Robert Wilkinson, „The impact of language on teaching content“.

⁴⁶ Anne Sofie Jakobsen, „Ellers er det lige ud af landevejen“.

⁴⁷ Elaine Horwitz, „The beliefs about language learning of beginning university foreign language students“, *Modern Language Journal*, 72(3)/1988, bls. 283–294.

tæplega $\frac{2}{3}$ hlutum fræðimanna sem samkvæmt könnuninni telja sig oftast eða alltaf þurfa aðstoð stendur ekki til boða nein formleg aðstoð eða tilboð um yfirlestur á vegum Háskóla Íslands þrátt fyrir beinar og óbeinar kröfur um skrif á ensku. Menn eru því sem fyrr segir víða á höttunum eftir aðstoð, leita t.d. til vinnufélaga og vina en margir kaupa yfirlestur hjá fagfólki. Á þessu sviði erum við eftirbátar grannþjóða okkar þar sem háskólakennarar eru í svipaðri stöðu en þar hefur verið komið á fót ritverum þar sem fræðimenn geta leitað aðstoðar við skrif á ensku.

7. Lokaorð

Nú þegar rannsóknarspurningum sem settar voru fram hér að fram- an hefur verið svarað og þær ræddar fer ekki hjá því að í kjölfarið vakni aðrar mikilvægar spurningar, spurningar sem háskólasam- félagið þarf að bregðast við. Þar eru einkum tvær spurningar áleitnar og snerta bæði ritun á ensku og íslensku, en að okkar mati er ekki hægt að ræða um enskunotkun við íslenska háskóla án þess að nefna þróun íslenskunnar þótt könnunin beinist ekki að henni. Í ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu frá 25. október 2010 er lýst yfir áhyggjum vegna þessara breytinga á mál- notkun í íslensku háskólasamfélagi. Málnefndin bendir á að þótt íslenskt háskólastarf sé í eðli sínu alþjóðlegt sé skylt að tryggja að staða íslenskrar tungu sé sterk í háskólasamfélaginu á Íslandi og spyrna þurfi við fótum áður en í óefni er komið.⁴⁸ Mun það hafa áhrif á gæði þeirrar ensku sem íslenskir fræðimenn skrifa þegar stór hluti framhaldsnáms verður stundaður við íslenska háskóla og æ færri stunda framhaldsnám í enskumælandi löndum? Hætt er við að áframhaldandi þróun í þessa átt leiði til þess að þeir sem fara í framhaldsnám í enskumælandi löndum hafi forskot við fræðaskrifin nema gerðar verði einhverjar ráðstafanir til að styðja við þá sem kjósa að stunda nám sitt hér á landi.

Loks er það er spurningin um þróun íslenskrar tungu sem tjáningartækis til að ræða og skrifa um hin ólíku fræði. Aðvörunar- raddir eru farnar að heyrast í löndum sem tilheyra hinum víkkandi

⁴⁸ *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu*, bls. 1.

hring og virtir fræðimenn eins og Phillipson⁴⁹ tala um hættuna á umdæmistapi og hvetja til gagnrýnna spurninga um þróun móðurmáls við þessar aðstæður. Í þessu sambandi viljum við vísa aftur til ályktunar Íslenskrar málnefndar þar sem lýst er áhyggjum yfir því að með áframhaldandi þróun muni íslenskan glata afar mikilvægu umdæmi.⁵⁰ Ljóst má því vera að mikið verk er fyrir höndum við að leita leiða til að styðja íslenska fræðimenn við að skrifa góða akademíska ensku og efla þannig samkeppnishæfni þeirra í hinum alþjóðlega fræðaheimi en ekki síður þarf að skapa íslenskum fræðimönnum tækifæri til að hlúa að þróun vandaðs íslensks fræðamáls.

ÚTDRÁTTUR

Enskan og fræðaskrifin

Notkun ensku í hinum akademíska heimi hefur aukist til muna undanfarna áratugi. Ísland hefur ekki farið varhluta af þessum straumum og hér eru fræðimenn hvattir til þátttöku í alþjóðlegu fræðastarfi til að auka samkeppnishæfni íslenskra rannsókna og íslenskra háskóla. Þessi stefna vekur hins vegar áleitnar spurningar um jafnræði, þ.e. að hve miklu leyti fræðimenn eru færir um að skrifa fræðigreinar á ensku, um gæði slíkra skrifa þegar skrifað er á öðru máli en móðurmálinu og þá raunverulega samkeppnishæfni. En það vekur líka spurningar um þróun íslensks fræðamáls og hugsanlegt umdæmistap. Í þessari grein verður fjallað um rannsókn þar sem könnuð voru viðhorf háskólakennara til eigin enskukunnáttu, hvort kennarar teldu ávinning eða ekki af því að nota ensku í kennslu. Þá var spurt hverju það skipti um vinnuálag að vinna með tvö tungumál og loks hversu færa kennarar teldu sig vera til að skrifa fræðilega texta á ensku og hvort og þá hvert þeir leituðu aðstoðar ef þörf væri á. Rafrænn spurningalisti var sendur út til allra háskólakennara og bárust svör frá 238 kennurum. Mikill meirihluti svarenda telur enskukunnáttu sína góða og sér engin

⁴⁹ Robert Phillipson, *Linguistic Imperialism*, Oxford: Oxford University Press, 1992.

⁵⁰ *Ályktun um stöðu íslenskrar tungu*, bls. 3.

vandkvæði á að vinna með tvö tungumál. Engu að síður þurfa $\frac{2}{3}$ á aðstoð að halda við fræðiskrif á ensku og leita þá víða fanga. Yngstu fræðimennirnir skrifa nær eingöngu á ensku. Háskóli Íslands býður hins vegar ekki upp á neina aðstoð. Niðurstöður gefa áhugaverðar vísbendingar sem gefa þarf gaum að.

ABSTRACT

English and Academic Writing

English has become the lingua franca of research and science. In Iceland, as elsewhere in the world, researchers are encouraged to publish in international journals, most of which are written in English. The rationale is that international publication increases the status of research and of universities. Questions have arisen as to inherent inequity faced by users of English as a lingua franca vs. native speakers and especially what effect it has on the functional range of the native languages if whole research communities switch to English. This article describes the results of a study that elicited Icelandic researchers' views about the adequacy of their English proficiency for academic writing, how working with two languages affected their workload and whether, and if so, where, they sought assistance in their writing.

An electronic survey was sent out to all faculty and staff at the University of Iceland. Two hundred and thirty responses were received. An overwhelming majority of respondents considers their English proficiency good or very good and have no problems with working in two languages. None the less, two thirds need assistance with their English academic writing and seek help from various sources. The University of Iceland provides no assistance with writing or proofreading. Almost half of the youngest group of respondents write almost entirely in English. These results raise several questions, such as how to reconcile official language policies that call for increased use of English and at the same time calls for the strengthening of Icelandic as an academic language.